

REGLUGERÐ

um aflamark úr helstu botnfisktegundum við Ísland 1990.

1. gr.

Árið 1990 skulu leyfi til botnfiskveiða miðast við að afli úr helstu botnfisktegundum verði:

1. Þorskur	260 þús. lestir
2. Karfi	80 þús. lestir
3. Ýsa	65 þús. lestir
4. Ufsi	90 þús. lestir
5. Grálúða	30 þús. lestir

Afli samkvæmt ofansögðu miðast við óslægðan fisk með haus.

Vegna reglna um veiðiheimildir sóknarmarksskipa, reglna um tilfærslu milli fisktegunda og flutning milli ára og ákvæða um afla smábáta, gæti heildarþorskaflí á árinu 1990 orðið um það bil 300 þús. lestir og heildaraflí af grálúðu um það bil 45 þús. lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990 til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. nóvember 1989.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Reykhólahrepps.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Reykhólahrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir og hitalagnir í góðu lagi. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemill er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern hemil	kr. 315,00
b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils	kr. 532,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín þriðja hvern mánuð. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 10 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Heimædagjöld Hitaveitu Reykhólahrepps skulu vera kr. 36 288,00 fyrir hvert einbýlis-hús.

7. gr.

Strax að lokinni tengingu heimæðar er heimædagjaldið gjaldfallið.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 203, 10. apríl 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 9. nóvember 1989.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 528

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1988.

Rekstrartekjur:

Innheimtuþóknun v/erlendra innheimtu	kr.	1 018 670
Innheimtuþóknun önnur		972 928
Endurkrafinn innheimtukostnaður		4 559 207
Vextir		104 441 337
	kr.	110 992 142

Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld	kr.	12 383 604
Annar rekstrarkostnaður		8 026 308
	kr.	20 409 912
Hagnaður	kr.	90 582 230